



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð aðalfundar

*Haldinn í húsakynnum Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1
Þriðjudaginn 30. apríl 2013, kl. 14:00*

Bjarni Pálsson, formaður félagsins, opnaði fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Samþykkt dagskrár.

Formaður gerði tillögu um Kristínu Völu Matthíasdóttur sem fundarstjóra og Gústaf Adolf Skúlason sem fundarritara og var tillagan samþykkt, sem og dagskrá fundarins. Tók Kristín Vala við fundarstjórn.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári.

Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2012-2013.

3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.

Claus Ballzus, gjaldkeri félagsins, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins fyrir árið 2012. Árið 2012 var afgangur af rekstri félagsins sem nam kr. 536.587. Stafar afgangurinn m.a. af því að styrkur til háskólanema til að sækja alþjóðlega ráðstefnu verður greiddur út árið 2013, allt að kr. 350 þúsund. Eigið fé í árslok 2012 voru kr. 3.096.797. Reikningarnir voru samþykktir.

4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.

Fyrir fundinum lágu engar tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.

5. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykktar. Ákvörðun félagsgjalda.

Gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 þar sem gert er ráð fyrir að veltan verði kr. 1.691.000 og tekjur umfram gjöld kr. 341.000. Stafar sá mismunur einkum af því að félagsgjöld áranna 2012 og 2013 verða innheimtar á árinu 2012. Var fjárhagsáætlunin samþykkt. Þá var samþykkt að félagsgjöld yrðu óbreytt frá fyrra ári, eða kr. 25.000 fyrir fyrirtæki og stofnanir, kr. 3.000 fyrir einstaklinga, en félagsaðild gjaldfrí fyrir einstaklinga sem náð hafa 67 ára aldri. Loks er félagsgjaldið kr. 1.000 fyrir námsmenn, en þar sem stjórn félagsins hefur ekki fulla yfirsýn yfir þá stöðu verða þeir sem eru í námi að óska eftir að innheimta fyrir félagsgjald kr. 3.000 verði lækkuð í kr. 1.000.

6. Kosning stjórnar. Ennfremur skulu kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.

Á aðalfundi 2011 voru Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason og Magnús Ólafsson kjörnir til stjórnarsetu til tveggja ára. Á aðalfundi 2012 var Bjarni Pálsson kjörinn formaður til tveggja ára, en þau Jakob S. Friðriksson, Kristín Vala Matthíasdóttir og Magnús Þór Jónsson jafnframt kjörin stjórnarmenn til tveggja ára. Jakob óskaði hins vegar eftir að láta af stjórnarsetu nú. Þeir Claus, Gústaf og Magnús Ólafsson gáfu allir

kost á sér til endurkjörs, Gústaf til eins árs í stað Jakobs. Eitt annað framboð til stjórnar hafði borist, frá Hildigunni H. Thorsteinsson, jarðhitaverkfræðingi og framkvæmdastjóra þróunarsviðs Orkuveitu Reykjavíkur. Önnur framboð til stjórnar bárust ekki á fundinum. Í stjórn voru því kjörin – með lófataki – til tveggja ára þau Claus Ballzus, Hildigunnur H. Thorsteinsson og Magnús Ólafsson, og Gústaf Adolf Skúlason til eins árs. Áfram sitja jafnframt í stjórn, kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2012, þau Bjarni Pálsson formaður, Kristín Vala Matthíasdóttir og Magnús Þór Jónsson. Loks voru Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson kosnir – með lófataki – til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga félagsins, sem og Oddur Björnsson sem skoðunarmaður til vara.

7. Upplýsingar um inngöngu nýrra félaga.

Á aðalfundi félagsins 2011 var samþykktum þess breytt á þá vegu að ekki þarf lengur samþykki aðalfundar fyrir inngöngu í félagið. Áfram er þó gert ráð fyrir að gerð sé grein fyrir nýjum félagsmönnum á aðalfundi. Frá síðasta aðalfundi hafa þrír einstaklingar gerst aðilar að félaginu. Þeir eru:

Andri Arnaldsson, Vatnaskilum
Hildigunnur H. Thorsteinsson, Orkuveitu Reykjavíkur
Inga Dóra Hrólfsdóttir, Orkuveitu Reykjavíkur

Engir nýir lögaðilar bættust í hóp félagsaðila á starfsárinu.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál voru borin upp.

Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum voru flutt eftirfarandi erindi, um málefni brennisteinsvetnis og förgunar affallsvatns:

Afgas til auðlindar,

Bjarni Már Júlíusson, verkefnastjóri brennisteinsverkefna

Förgun affallsvatns frá jarðhitavirkjunum,

Þráinn Friðriksson, jarðefnafræðingur hjá ÍSOR

Góður rómur var gerður að báðum erindum og fjörlegar umræður spunnust um efni þeirra. Erindin, sem og önnur gögn aðalfundarins, má nálgast á vef félagsins, www.jardhitafelag.is.

Aðalfundi var slitið kl. 16:05 og að honum loknum bauð Orkuveita Reykjavíkur upp á kaffiveitingar.

sign.

Kristín Vala Matthíasdóttir, fundarstjóri

sign.

Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari